

NÁMSLEIÐ

Sölu- og markaðsnám
– Grunnur að árangri



FRÆÐSLUMIÐSTÖÐ
ATVINNULÍFSINS

NAFN NÁMSKRÁR

Sölu-, markaðs og rekstrarnám
númer 18-264-2-440

NÁMSLEIÐ

Sölu og markaðsnám – Grunnur að árangri, uppbrot námskrár 18-264-2-400

VINNUSTUNDIR NEMA

268 klukkustundir alls

HVERJUM ÆTLAÐ

Fullorönu fólki eldra en 18 ára

GERT AF: Mímir símenntun

Staðfest af FA samkvæmt reglum um uppbrot námskráa FA

ÚTGEFANDI

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, júlí 2025.



Efnisyfirlit

NÁMSLEIÐ – NÁMSKRÁ	1
TITILL:	1
<i>Námskrá: Sölu-, markaðs- og rekstrarnám</i>	1
NÁMSLEIÐ LÝSING: SÖLU- OG MARKAÐSNÁM – GRUNNUR AÐ ÁRANGRI.....	1
SKIPULAG	2
HÆFNIVIÐMIÐ NÁMSLEIÐAR	2
LEIKNI.....	2
HÆFNI.....	2
NÁMSMAT	2
YFIRLITSTÖFLUR.....	2
Námsleið: Sölu- og markaðsnám – Grunnur að árangri – úr námskrá: Sölu-, markaðs- og rekstrarnám	2
NÁMSÞÆTTIR.....	4
TÖLVU- OG UPPLÝSINGATÆKNI F- TÖUP1RK (2)	4
Lýsing.....	4
Hæfniviðmið námsþáttar.....	4
Námsmat.....	4
GERÐ KYNNINGAREFNIS F- HÖNN2KM (9)	5
Lýsing.....	5
Hæfniviðmið námsþáttar.....	5
Námsmat.....	5
MARKAÐSETNING Á NETINU F- MARK2MN (4).....	6
Lýsing.....	6
Hæfniviðmið námsþáttar.....	6
Námsmat.....	6
ALMENN MARKAÐSFRÆÐI F-MARK2SL (3)	7
Lýsing.....	7
Hæfniviðmið námsþáttar.....	7
Námsmat.....	7
MARKAÐSETNING OG SAMFÉLAGSMÍDLAR F-MARK2SM (5)	8
Lýsing.....	8
Hæfniviðmið námsþáttar.....	8
NÁMSMAT	8
NÁMSDAGBÓK OG MARKMIÐASETNING F-NSTA2NM (2)	9
Lýsing.....	9
Hæfniviðmið námsþáttar.....	9
Námsmat.....	9
NÁMSTÆKNI F-NSTA2NT (6)	10
Lýsing.....	10
Hæfniviðmið námsþáttar.....	10
Námsmat.....	10
FRAMSÖGN OG FRAMKOMA F-PERH2FF (3).....	11
Lýsing.....	11
Hæfniviðmið námsþáttar.....	11
Námsmat.....	11
SAMSKIPTI F-PERH2SS (1)	12
Lýsing.....	12
Hæfniviðmið námsþáttar.....	12
<i>Námsmat</i>	12
SÖLUTÆKNI OG VIÐSKIPTATENGSL F-SFSH2ST (1)	13
Lýsing.....	13
Hæfniviðmið námsþáttar.....	13
Námsmat.....	13
VERSLUNARREIKNINGUR F-STÆR2VV (73).....	14
Lýsing.....	14
Hæfniviðmið námsþáttar.....	14
Námsmat.....	14



Námsleið – námskrá

Vísað er til vefsíðu Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins (www.frae.is) á lista yfir hugtök í námskrám, námsleiðum og námslýsingum FA.

Titill: Námsleið: Sölu- og markaðsnám – Grunnur að árangri (*fyrri hluti*), - Námskrá FA, *Sölu-, markaðs og rekstrarnám*, brotin upp.

Námskrá: Sölu-, markaðs- og rekstrarnám

Námsleið lýsing: Sölu- og markaðsnám – Grunnur að árangri

Námsleiðin sem hér er lýst er hluti af námskrá FA *Sölu-, markaðs og rekstrarnám*.

Hér er áherslan lögð á sölu- og markaðsetningu vöru eða þjónustu í þessum fyrri hluta. Tilgangur námsins er að aðstoða nemendur við að tileinka sér hæfni í sölu- og markaðssetningu vöru og/eða þjónustu, læra samningatækni, læra sölutækni, að fá þjálfun í samskiptum við viðskiptavini, að gera kynningarefni á rafrænum miðlum til að markaðsetja vörur/þjónustu á netinu. Af átján námsþáttum námskrárinnar sem liggur til grundvallar eru ellefu námsþættir hennar nýttir hér í sérstaka námsleið sem er Námsleiðirnar: Sölu- og markaðsnám – *Grunnur að árangri* og Rekstrar- og frumkvöðlanám – *Frá hugmynd til framkvæmdar* ná yfir alla námskrána Sölu-, markaðs- og rekstrarnám. Næmar geta tekið aðra námsleiðina eða báðar eftir eigin hentugleikum.

Heildarnámstími námsleiðar er 268 klukkustundir en námskráin Sölu-, markaðs og rekstrarnám er alls 440 klukkustundir.

Skipulag

Viðurkenndur fræðsluaðili ber ábyrgð á framkvæmd námsins og skipar verkefnastjóra náms. Hlutverk verkefnastjóra er að hafa umsjón með náminu og framkvæmd þess, sjá til þess að námsþættir séu samþættir eins og kostur er og tryggja rökrétta samfellu þeirra. Framsetning námsefnis þarf að taka mið af reynslu nemanna.

Leiðbeinendur tala íslensku. Ef brýn þörf er á, skýra leiðbeinendur mál sitt á öðru tungumáli sem hentar nemahópi.

Hæfniviðmið námsleiðar

Að loknu námi skal nemi hafa öðlast hæfni til að taka virkan þátt í sölustarfi og markaðssetningu. Nánar er vísað til hæfniviðmiða einstakra námsþátta:

Þekking

Nemi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- helstu hugtökum og ferlum í sölu og markaðsstarfi
- mikilvægi kynningarefnis og markaðssetningar í gegnum bæði hefðbundna og stafræna miðla
- grunnatriðum í tölvunotkun, s.s. notkun forrita og stafrænnar miðlunar sem nýtast við gerð markaðsefnis
- grunnhugtökum í verslunarreikningi svo sem útreikningum á verði, afslætti og álagningu
- aðferðum og verkfærum sem nýtast við sölustörf bæði í. heimsóknum til viðskiptavina og innan verslana (ráðgjöf og kynning á vörum).
- hlutverki faglegrar þjónustu og samskipta til að styrkja tengsl við viðskiptavini og stuðla að ánægju og tryggð.

Leikni

Nemi skal hafa öðlast leikni í að:

- markaðsetja vörur annars vegar og hins vegar þjónustu á skýran og sannfærandi hátt
- útbúa kynningarefni fyrir ólíka miðla, bæði á prentuðu og stafrænu formi
- nota helstu tölvuforrit við kynningu og útreikninga sem tengjast sölu og markaðssetningu nálgað viðskiptavini á faglegan hátt til að byggja upp og styrkja viðskiptasamband.

Hæfni

Nemi skal geta hagnýtt sér þá almennu þekkingu og leikni sem aflað hefur verið til að:

- taka þátt í skipulögðu sölustarfi, kynningum og markaðsverkefnum á bæði vöru og þjónustu.
- nýta samfélagsmiðla á ábyrgan og markvissan hátt
- nýta aðra netmiðla á ábyrgan og markvissan hátt í markaðssetningu.
- byggja upp traust viðskiptatengsl til framtíðar.

Námsmat

Námsárangur er metinn með fjölbreyttum aðferðum sem lýst er í kennsluáætlun með áherslu á leiðsagnarmat sem byggir á vinnu og virkni nema. Gert er ráð fyrir að ferilbók nýtist í tengslum við verk- og vinnustaðanám þar sem við á.

Áhersla er á að bæði leiðbeinendur og nemar fari sem oftast yfir það sem hefur áunnist og hvernig gangi að ná hæfniviðmiðum námsins. Námsmat nýtist sem staðfesting á námsárangri og jafnframt sem lærdómur, hvatning og endurgjöf á námstímanum.

Yfirlitstöflur

Námsleið: Sölu- og markaðsnám – Grunnur að árangri – úr námskrá: Sölu-, markaðs- og rekstrarnám

Tafla 1: Skipulag náms

Tími er tilgreindur í klukkustundum



Nafn námsþáttar	Skammstöfun namskra.is	Klst. heild	Klst. Fræðslu	Klst. framlag -viðbót	Eining	Þrep
Tölvu- og upplýsingatækni	F- TÖUP1RK (2)	100	52	48	5	1
Gerð kynningarefnis	F- HÖNN2KM (9)	20	20		1	2
Markaðssetning á netinu	F- MARK2MN (4)	20	16	4	1	2
Almenn markaðsfræði	F-MARK2SL (3)	20	20		1	2
Markaðsetning og samfélagsmiðlar	F-MARK2SM (5)	20	16	4	1	2
Námsdagbók og markmiðasetning	F-NSTA2NM (2)	8	4	4	-	2
Námstækni	F-NSTA2NT (6)	8	4	4	-	2
Framsögn og framkoma	F-PERH2FF (3)	4	4		-	2
Samskipti	F-PERH2SS (1)	8	4	4	-	2
Sölutækni og viðskiptatengsl	F-SFSH2ST (1)	20	16	4	1	2
Verslunarreikningur	F-STÆR2VV (73)	20	12	8	1	2
Vinnuframlag námsmanns		248	168	80		

Tölur í sviga í töflunni vísa til útgáfunúmers námsþáttar á vefsvæði namskra.is

Frjálst val: Nei



Námsþættir

Heiti námsþátta kemur fram í yfirlitstöflu hér að framan og nánari lýsing er á hverjum námsþætti hér á eftir. Heitin eru lýsandi fyrir hvert fag. Þar fyrir aftan eru einkenni námsþátta úr namskra.is

Tölvu- og upplýsingatækni

F- TÖUP1RK (2)

Þrep	1
Vinnustundir	100
Námsgrein	Tölvu- og upplýsingatækni
Viðfangsefni	Ritvinnsla, kynningarforrit, töflureiknir, tölvupóstur

Lýsing

Tilgangur námsþátta er að þjálfa námsmenn í notkun ritvinnsluforrita, töflureiknis, kynningarforrita, tölvupóstforrita og Internetsins. Áhersla er lögð á að þjálfa almenna notkun svo sem afritun og vistun gagna, stjórnun útprentunar og fleira sem tengist einstökum forritum. Jafnframt er fjallað um uppbyggingu tölvunnar. Hagnýt tölvunotkun með áherslu á nýjungar hverju sinni.

Hæfniviðmið námsþátta

Nemi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- uppbyggingu tölvunnar
- helstu aðgerðum ritvinnsluforrita
- helstu aðgerðum töflureiknis
- helstu aðgerðum kynningarforrita
- helstu aðgerðum tölvupóstforrita.

Nemi skal hafa öðlast leikni í að:

- vinna algeng verkefni í ritvinnsluforriti
- vinna algeng verkefni í töflureikni
- vinna algeng verkefni í kynningarforriti
- nota helstu aðgerðir í tölvupóstforriti

Nemi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem aflað hefur verið til að:

- nýta ritvinnsluforrit, töflureikni, kynningarforrit, tölvupóstforrit og önnur hagnýt forrit í skrifstofustörfum.

Námsmat

Áhersla er lögð á símat og leiðsagnarmat sem byggir á vinnu og virkni námsmanna



Gerð kynningarefnis

F- HÖNN2KM (9)

Prep	2
Vinnustundir	20
Námsgrein	Hönnun
Viðfangsefni	Kynningar, auglýsingar og miðlar

Lýsing

Tilgangur námsþáttarins er að þjálfa námsmenn í lykilatriðum við gerð kynningarefnis. Námsmenn fá þjálfun í að þekkja einkenni góðra auglýsinga með tilliti til þess miðils sem auglýst er í og helstu einkenni eftirfarandi boðmiðla: prentmiðla, sjónvarps, útvarps, umhverfismiðla, vef- og samfélagsmiðla. Námsmenn fá jafnframt þjálfun í að taka þátt í hugmyndavinnu að auglýsingu og kynningu á umbrotshugbúnaði þar sem hægt er að setja upp ólíkt kynningarefni, svo sem nafnspjöld, bæklinga og markpóst.

Hæfniviðmið námsþáttar

Nemi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- mismunandi gerðum kynningarefnis
- einkennum góðra auglýsinga með tilliti til þess miðils sem auglýst er í.

Nemi skal hafa öðlast leikni í að:

- taka þátt í hugmyndavinnu að auglýsingu
- nota umbrotshugbúnað
- gera kynningarefni fyrir ólíka miðla.

Nemi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem aflað hefur verið til að:

- leggja mat á hvort auglýsing gefi í skyn eitthvað eftirsóknarvert fyrir markhópinn
- hanna mismunandi kynningarefni.

Námsmat

Áhersla er lögð á símat og leiðsagnarmat sem byggir á vinnu og virkni námsmanna

Markaðsetning á netinu

F- MARK2MN (4)

Prep	2
Vinnustundir	20
Námsgrein	Markaðsfræði
Viðfangsefni	Markaðssetning, netið, samfélagsmiðlar, viðskiptavinir

Lýsing

Tilgangur námsþáttarins er að þjálfa námsmenn í að markaðssetja vörur og þjónustu á netinu. Fjallað er um á hagnýtan hátt hvernig fyrirtæki geta náð góðum árangri í markaðsstarfi sínu á netinu, hvernig hegðun viðskiptavina hefur breyst og hvar helstu sóknarfærin á netinu eru. Námsmenn fá leiðsögn í hvernig hægt er að ná auknum árangri með notkun samfélagsmiðla og leitarvéla. Jafnframt er fjallað um nýtingu á vefgreiningartólum og tölvupóstum við markaðssetningu.

Hæfniviðmið námsþáttar

Nemi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- fjölbreyttum möguleikum við markaðssetningu á netinu.

Nemi skal hafa öðlast leikni í að:

- nota vefborða á árangursríkan hátt
- nota leitarvélar á árangursríkan hátt
- nota tölvupóst í tengslum við markaðssetningu.

Nemi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem aflað hefur verið til að:

- nýta vefgreiningartól við markaðssetningu á netinu
- markaðssetja vöru eða þjónustu á netinu.

Námsmat

Áhersla er lögð á símat og leiðsagnarmat sem byggir á vinnu og virkni námsmanna.



Almenn markaðsfræði

F-MARK2SL (3)

Þrep	2
Vinnustundir	20
Námsgrein	Markaðsfræði
Viðfangsefni	Söluleit, markaðsfræði, söluaðgerðir, sölumarkmið, viðskiptavinurinn

Lýsing

Tilgangur námsþáttarins er að þjálfa námsmenn í að beita ólíkum aðferðum við söluleit og hvernig hægt er að nálgast viðskiptavininn. Fjallað er um grunnþætti markaðsfræðinnar og söluferilsins, undirbúning söluaðgerða og hvernig hægt er að nýta tímann sem best við að ná árangri. Jafnframt er fjallað um þætti sem tengjast stjórnun og yfirsýn söluverkefna og hvernig hægt er að setja sér sölumarkmið.

Hæfniviðmið námsþáttar

Nemi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- grunnatriðum markaðsfræðinnar
- hlutverki markaðsmála í fyrirtæki
- mismunandi markaðsaðgerðum.

Nemi skal hafa öðlast leikni í að:

- gera söluáætlun fyrir vöru eða þjónustu
- gera markaðsáætlun fyrir vöru eða þjónustu
- setja sér sölumarkmið.

Nemi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem aflað hefur verið til að:

- greina helstu keppinauta
- nýta mismunandi aðferðir við söluleit

Námsmat

Áhersla er lögð á símat og leiðsagnarmat sem byggir á vinnu og virkni námsmanna.

Markaðsetning og samfélagsmiðlar

F-MARK2SM(5)

Þrep	2
Vinnustundir	20
Námsgrein	Markaðsfræði
Viðfangsefni	Stafræn markaðsetning

Lýsing

Tilgangur námsþáttarins er að kynna fyrir námsmönnum þá hlið markaðsfræðinnar sem snýr að samfélagsmiðlum. Fjallað er um notkun samfélagsmiðla við markaðssetningu, möguleika þeirra, kosti og takmarkanir. Námsmenn fá þjálfun í að nota stafrænan markaðshugbúnað, leitarvélur á netinu og rekja uppruna heimilda sem notaðar eru við markaðssetningu á netinu.

Hæfniviðmið námsþáttar

Nemi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- notkun samfélagsmiðla við markaðssetningu
- tilgangi leitarvélabestunar (SEO)
- kostum og göllum þess að tengja við aðrar netsíður
- kröfum sem gerðar eru við öflun upplýsinga á Internetinu.

Nemi skal hafa öðlast leikni í að:

- nota stafrænan markaðshugbúnað
- nota leitarvélur á netinu til upplýsingaöflunar
- rekja uppruna heimilda sem notaðar eru við beina markaðssetningu á netinu.

Nemi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem aflað hefur verið til að:

- greina styrkleika og veikleika stafrænnar markaðssetningar
- greina möguleika stafrænna viðskiptamannakerfa (CRM)
- greina kosti og takmarkanir þeirra upplýsinga sem finnast á Internetinu.

Námsmat

Áhersla er lögð á símat og leiðsagnarmat sem byggir á vinnu og virkni námsmanna.

Námsdagbók og markmiðasetning

F-NSTA2NM (2)

Þrep	2
Vinnustundir	8
Námsgrein	Náms- og starfsráðgjöf
Viðfangsefni	Námsdagbók, markmiðasetning

Lýsing

Tilgangur námsþáttarins er að þjálfa námsmenn í að setja sér markmið og halda utan um vinnu sína, með því að halda námsdagbók. Fjallað er um muninn á langtímamarkmiðum og skammtímamarkmiðum, aðstæður þar sem markmiðasetning er mikilvæg, hindranir sem geta verið við markmiðasetningu og mikilvægi þess að markmið séu skýr, mælanleg, aðgerðabundin, raunhæf og tímasett. Jafnframt er fjallað um hvernig vel gerð námsdagbók kemur að gagni við uppbyggingu hæfni.

Hæfniviðmið námsþáttar

Nemi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- námsdagbók og tilgangi hennar
- markmiðasetningu og tilgangi hennar.

Nemi skal hafa öðlast leikni í að:

- skrifa skýr, mælanleg, aðgerðabundin, raunhæf og tímasett markmið
- setja upp námsdagbók eða annars konar dagbók til að skrá uppbyggingu hæfni.

Nemi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem aflað hefur verið til að:

- setja sér markmið við nám og störf
- skrá uppbyggingu hæfni í námsdagbók eða annars konar dagbók.

Námsmat

Áhersla er lögð á símat og leiðsagnarmat sem byggir á vinnu og virkni námsmanna.



Námstækni

F-NSTA2NT (6)

Þrep	2
Vinnustundir	8
Námsgrein	Náms- og starfsráðgjöf
Viðfangsefni	Námstækni

Lýsing

Tilgangur námsþáttarins er að kynna fyrir námsmönnum lykilatriði námstækninnar og mismunandi námsaðferðir. Fjallað er um ólíkar námsvenjur einstaklinga, meðvitaðar og ómeðvitaðar og það hvernig námstækni getur hjálpað við að tileinka sér betri námsvenjur. Mikilvægt er að námstækni fléttist inn í alla námsþætti námskrárinnar.

Hæfniviðmið námsþáttar

Nemi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- mismunandi námsaðferðum
- ólíkum námsvenjum.

Nemi skal hafa öðlast leikni í að:

- skipuleggja náms- og vinnutíma sinn
- beita fjölbreyttum námsaðferðum.

Nemi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem aflað hefur verið til að:

- greina á milli mismunandi námsaðferða.

Námsmat

Áhersla er lögð á símat og leiðsagnarmat sem byggir á vinnu og virkni námsmanna.



Framsögn og framkoma

F-PERH2FF (3)

Þrep	2
Vinnustundir	4
Námsgrein	Persónuleg hæfni
Viðfangsefni	Framsögn, framkoma

Lýsing

Tilgangur námsþáttarins er að þjálfna námsmenn í að koma fram og halda kynningar á vörum og þjónustu.

Hæfniviðmið námsþáttar

Nemi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- lykilþáttum góðrar kynningar.

Nemi skal hafa öðlast leikni í að:

- búa til kynningu
- nota tæknibúnað á viðeigandi hátt
- nota hljóðræn og sjónræn hjálpargögn.

Nemi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem aflað hefur verið til að:

- flytja kynningar á faglegan hátt.

Námsmat

Áhersla er lögð á símat og leiðsagnarmat sem byggir á vinnu og virkni námsmanna.



Samskipti

F-PERH2SS (1)

Þrep	2
Vinnustundir	8
Námsgrein	Persónuleg hæfni
Viðfangsefni	Samþykkt af fræðsluaðila

Lýsing

Tilgangur námsþáttarins er að þjálfa námsmenn í samskiptum og framkomu. Megináhersla er lögð á árangursrík samskipti og er bent á leiðir til að þróa jákvæð tengsl við samstarfsfólk og viðskiptavini. Fjallað er um ákjósanleg viðbrögð við álagi og um áskoranir við margs konar aðstæður á vinnustað, til dæmis gagnvart einelti, kynferðislegu áreiti, mismunun og áföllum. Fjallað er um fjölbreytileika mannlífs, fordóma og heiðarleg samskipti og áhrif þessara þátta á samskipti. Þá er einnig fjallað um ábyrgð á eigin gerðum og afleiðingum þeirra, bæði jákvæðum og neikvæðum.

Hæfniviðmið námsþáttar

Nemi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- mismunandi samskiptaaðferðum
- jákvæðum og heiðarlegum samskiptum
- fjölbreytileika mannlífs og eigin fordómum
- áhrifum sjálfstrausts á eigin frammistöðu
- algengum streituvöldum og viðbrögðum við þeim.

Nemi skal hafa öðlast leikni í að:

- hlusta á virkan og fordómalausán hátt
- tjá sig heiðarlega, með virðingu og nærgætni
- eiga í góðum samskiptum við viðskiptavini og samstarfsfólk
- bregðast við á viðeigandi hátt, jafnvel í erfiðum aðstæðum.

Nemi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem aflað hefur verið til að:

- eiga í góðum og uppbyggilegum samskiptum við aðra
- vera meðvitaður um fordóma, mismunun og fjölbreytileika mannlífs
- sýna sjálfstraust í daglegum störfum sínum og hafa raunsæja trú á eigin getu.

Námsmat

Áhersla er lögð á símat og leiðsagnarmat sem byggir á vinnu og virkni námsmanna.



Sölutækni og viðskiptatengsl

F-SFSH2ST (1)

Þrep	2
Vinnustundir	20
Námsgrein	Sala
Viðfangsefni	Söluferli, söluhringur, sölutækni

Lýsing

Tilgangur námsþáttarins er að þjálfa námsmenn í að þekkja söluferlinn og mismunandi aðferðir við að loka sölu. Fjallað verður um grundvallaratriði í sölutækni og um söluhringinn. Jafnframt er fjallað um þá þætti sem einkenna góðan sölumann og um kauphegðun viðskiptavina.

Hæfniviðmið námsþáttar

Nemi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- söluhringnum - sölutækni
- einkennum góðra sölumanna
- kauphegðun viðskiptavina
- ákvörðunarferli kaupanda í söluferlinu
- áherslu fyrirtækja í sölu- og markaðsstarfi
- bestu aðferðunum við að miðla upplýsingum til viðskiptavina og samstarfsaðila.

Nemi skal hafa öðlast leikni í að:

- skipuleggja sig í söluumhverfi (tímastjórnun)
- notast við mismunandi aðferðir í söluferlinu

Nemi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem aflað hefur verið til að:

- beita mismunandi sölutækni
- búa til og flokka sölutækifæri.

Námsmat

Áhersla er lögð á símat og leiðsagnarmat sem byggir á vinnu og virkni námsmanna.



Verslunarreikningur

F-STÆR2VV (73)

Þrep	2
Vinnustundir	20
Námsgrein	Stærðfræði
Viðfangsefni	Prósentureikningur, veltuhraði, vísitala, vörureikningur

Lýsing

Tilgangur námsþáttarins er að þjálfa námsmenn í að beita þeim þáttum stærðfræðinnar sem mest eru notaðir við almenn skrifstofustörf. Megináhersla er lögð á prósentureikning, afslátt og álagningu, samsettan prósentuútreikning, útreikning á vísitölu, vörureikning og veltuhraða sem og á vaxtareikning og á samsetta vexti og virðisaukaskattsútreikninga.

Hæfniviðmið námsþáttar

Nemi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- brotum, prósentu-, hlutfalla- og vaxtareikningi
- afsláttum og álagningu
- útreikningum á vísitölu
- útreikningum á vörureikningi
- útreikningum á veltuhraða
- samsettum vöxtum
- virðisaukaskattsútreikningum.

Nemi skal hafa öðlast leikni í að:

- nota brota-, prósentu-, hlutfalla- og vaxtareikning
- reikna vísitölu.
- reikna veltuhraða.
- reikna virðisaukaskatt.

Nemi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem aflað hefur verið til að:

- Nýta aðferðir verslunarreiknings í almennum skrifstofustörfum.

Námsmat

Áhersla er lögð á símat og leiðsagnarmat sem byggir á vinnu og virkni námsmanna.

